

Fundargerð 297. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 8. október 2009, kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariútröð 5a, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Rebekka Eiríksdóttir, Egill Sigurgeirsson, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 10. september 2009. Varðandi lið 1, mál 0907028, þarf samkvæmt samningi dags. 23.04.1998 við Jónas Samúelsson að tilkynna honum breytt afnot.
2. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 5. október 2009. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. **0909029** Bréf dags. 9. september s.l. frá Landssambandi Slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna með ósk um styrk vegna Eldvarnaáttaksins 2009. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 5.000.
2. **0903029** Bréf dags. 23. september s.l. frá Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytinu með umsögn Ríkiskaupa um verðmat Barma og ósk um afstöðu Reykhólahrepps hvort sveitarfélagið vill kaupa Barma á uppsettu verði. Ákveðið að falla frá kaupum á því verði sem upp er sett.
3. **0909027** Bréf dags. 10. september s.l. frá Bandalagi íslenskra leikfélaga með fyrirspurn um hvort hentugt húsnæði fyrir Sumarskóla Bandalagsins finnist í Reykhólahreppi og hugsanlegt samstarf. Hreppnefnd telur að ekki sé til húsnæði í sveitarfélaginu sem uppfyllir þarfir Bandalagsins.
4. **0910009** Bréf dags. 30. september s.l. frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með ósk um tilnefningu eins fulltrúa frá Reykhólahreppi í starfshóp um flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Rebekka Eiríksdóttir tilnefnd fyrir hönd Reykhólahrepps.

Mál til kynningar:

1. **0910010** Bréf dags. 28. september s.l. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um skólaping sveitarfélaga 2. nóvember n.k. Kynnt
2. **0909034** Tölvupóstur dags. 18. september s.l. frá Kvenfélagasambandi Íslands með ályktunum um umhverfismál og lýðheilsu. Nefndin tekur undir ályktanirnar.
3. **0910007** Bréf dags. 28. september s.l. frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með fjórum fundargerðum stjórnar FV. www.fjorungssamband.is. Kynnt.
4. **0910008** Bréf dags. 29. september s.l. frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með þinggerð 54. Fjórðungspings, ársreikningi FV 2008 og kynningarbæklingi. Kynnt.
5. **0910002** Bréf dags. 30. september s.l. frá Barnaheill með ályktun um stöðu og réttindi barna og velferð þeirra. Kynnt.

6. **0909032** Afrit bréfs dags. 14. september s.l. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til Alþingis með umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar, 149. mál. Kynnt.

Önnur mál.

1. **0910014** Bréf dags. 2. október s.l. frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga um ráðningarsamning starfsmanns í mötuneyti skólans. Sveitarstjóra falið að svara erindinu og afla þeirra ganga sem þarf.
2. **0910015** Tölvupóstur dags. 8. október 2009 frá Hrefnu Hugósdóttur hjúkrunarfræðings um rekstur mötuneytis Reykhólaskóla. Nefndin þakkar erindið og mun taka það til athugunar.
3. Gústaf Jökull gaf skýrslu um ferð sína með sveitarstjóra til Reykjavíkur 28.-sept. – 2. okt. s.l. þar sem fundað var með Fjárlaganefnd, Siglingastofnun, Framfarafélagi Flateyjar, Vatnsveitu Flateyjar, farið á fund með fámennum sveitarfélögum, farið á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og á ársfund Jöfnunarsjóðs.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:45.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)